



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGÓÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Mikið fjör í villta vestrinu
- Flott frammistaða spurningaliðsins
- Sigur í stærðfræðikeppni Flensborgarskólans
- Ljóð úr Þórsheimum
- Fjör að Laugum í Sælingsdal
- Frétt frá Hulduheimum
- Tölum saman fyrirlestur

Gleðilega páska

Kæru nemendur / forráðamenn

Þrátt fyrir að vetur konungur minni enn hressilega á sig er vorhugur kominn í skólastarfið í Áslandsskóla.

Undirbúningur fyrir skólaárið 2009-2010 er þegar hafinn og skóladagatal fyrir næsta skólaár er nú þegar komið á vefsetur skólans. Dagatalið er með nokkuð hefðbundnu sniði en þó er nýbreytni að fræðsluyfirvöld ákváðu að samræma skipulagsdaga í leik- og grunnskólum.

Stórbrotnir menningardagar voru í Áslandsskóla um miðjan mars. Verk nemenda voru til sýnis ásamt flutningi á sal skólans. Óhætt er að segja að dagarnir hafi tekist frábærlega og nemendur og starfsmenn staðið sig framúrskarandi vel. Aldrei hafa fleiri gestir heimsótt okkur á slíkum dögum.

Nemendur hafa í nýliðnum mánuði borið hróður skólans víða. Nemendur í 9. bekk dvöldu í ungmennabúðum að Laugum í Sælingsdal í góðu yfirlæti við leik og störf. Nemendur í Undraheimum fóru frægðarför til Danmerkur þar sem þau heimsóttu vini okkar í Kibæk. Krakkarnir voru sér og sínum til sóma í alla staði.

Tveir fulltrúar skólans stóðu sig með mikilli þryði í Stóru upplestrarkeppninni í Hafnarborg er lesið var til úrslita á glæsilegri menningarhátíð.

Þá stóð spurningalið skólans sig með miklum sóma í undanúrslitum spurningakeppni grunnskólanna og féll með naumindum úr keppni.

Framundan er páskaleyfi þar sem nemendur og starfsmenn hlaða batteríin fyrir vorsprettin til skólaloka.

Hefðbundin samræmd próf í 10. bekk verða væntanlega aflögð en frumvarp þess eðlis liggur nú fyrir hinu háa Alþingi. Á næsta skólaári taka nemendur í 10. bekk hins vegar samræmd próf um miðjan september. Á svipuðum tíma verður prófað í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði eins og sjá má á skóladagatali.

Skólalokun að loknu páskaleyfi hefst miðvikudaginn 15. apríl skv stundaskrá.

Að lokum vona ég að allir eigi ánægjulega páskahátíð, sýni náungakærleik og væntumþykju og hlaði orkustöðvarnar með heilbrigðum hætti.

Gleðilega páska

Leifur S. Gardarsson

Skólastjóri Áslandsskóla

GÓÐI segir:



Ég ætla á tveimur jafnfljótum í skólann næstu daga enda farið að vora.

Göngum í skólann

Minnkum bílaumferð fyrir framan skólann og göngum saman



Spurningaliðið ásamt þjálfurum liðsins

Sigur í stærðfræðikeppni Flensborgarskólans

Nokkur hópur nemenda úr Áslandsskóla tók þátt í stærðfræðikeppni Flensborgarskólans á dögnum.

Tveir nemendur náðu framúrskarandi árangri. Kristín Björg Bergþórsdóttir sigraði í keppni nemenda úr 8. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði og er það í fyrsta skipti sem nemandi úr Áslandsskóla sigrar í keppninni. Til hamingju með það Kristín Björg. Guðrún Þóra Sigurðardóttir varð í 5.-6. sæti nemenda í 10. bekkjum grunnskólanna sem er líka framúrskarandi frammistaða.

Sannarlega góður árangur hjá okkar fólki í þessari hörðu keppni. Gott framtak þeirra í Flensborg að halda slíkri keppni úti.

Ljóð úr Þórsheimum

Einn vordaginn var prestur og þá kom,
til hans gestur þá hóf hann lestur
og sagðist vera bestur.
Þá var prestur bara sestur, og sagðist heita Gestur.
Hann neitaði að fara, nema til hans
kæmi hestur og hann á að vera
vorlegur og bestur.

Höfundur: Harpa Harðardóttir

Þórsheimar

Flott frammistaða spurningaliðsins

Spurningalið Áslandsskóla tapaði naumlega fyrir Setbergsskóla í undanúrslitum spurningakeppni grunnskólanna á dögnum.

Lokatölur urðu 30-24 Setbergsskóla í vil. Frammistaða okkar liðs var engu að síður mjög góð, þarna áttust við tvö öflug lið í æsispennandi keppni. Hópur stuðningsmanna fylgdi okkar liði og studdi það dyggilega.

Til hamingju krakkar.

Flottir krakkar úr 9. bekk í Laugaferð í Sælingsdal

Nemendur úr 9. bekk dvöldu á dögnum í vikutíma að Laugum í Sælingsdal.

Ýmislegt var brallað til gagns og gamans í Sælingsdalnum og stóðu krakkarnir sig mjög vel. Voru þau sér og sínum til sóma.

Minningarbrot úr skólaferðum sem þessum er ávallt eitt það eftirminnilegasta frá skólagöngunni. Vonandi tekst okkur að halda slíkum ferðum úti á næsta skólaári.

Ljóð úr Þórsheimum

Lítill fugl við lítinn læk
leitar sér að bita
langar í pulsu með steiktum lauk sem langt í burtu fauk
fuglinn fer í bæinn og finnur pylsubar
Segir svo við manninn góðan dag.
Ég ætla að fá pylsur sem geymast fram á vor,
allar eiga þær að vera með steiktum lauk og ekki neitt hor!
Þetta ljóð rýmar ekki rosa vel við allt
enda notaði ég mikið salt
við að gera þetta allt.

Höfundur: Ágústa Sól Stefánsdóttir Thors

Þórsheimar

MIKIÐ FJÖR Í VILLTA VESTRINU

Menningarhátíð Áslandsskóla, villta vestrið, sem haldin var á dögnum gekk framúrskarandi vel. Aldrei áður hefur viðlíka fjöldi gesta heimsótt okkur og frammistaða nemenda var stórkostleg.

Hér að neðan gefur að líta svipmyndir frá hátíðinni. Meira á www.aslandsskoli.is



TÖLUM SAMAN Samskipti foreldra og unglunga um kynlíf

Kæra foreldri!

Byr unglungur á heimilinu? Ef svo er, þá höldum við að umræður foreldra og unglunga um kynlíf eigi heima hjá þér. Það hefur vafalaust ekki farið framhjá nokkrum að unglingsárin eru tími mikilla breytinga sem taka á félags-, líffræði- og tilfinningalegum þáttum.

Hvernig tekst þér sem foreldri að tala um alla þá þætti sem tengjast þessum miklu breytingum í lífi barnsins þíns?

Málefni er varða kynlíf og kynhegðun eru ofarlega í huga flestra unglunga og margir foreldrar vita ekki hvernig þeir eigi að snúa sér í þeirri umræðu.

Rannsóknir sýna að ef þessi málefni eru rædd þá byrja unglingar seinna að stunda kynlíf og þeir verða ábyrgari.

Á fræðslufundinum er boðið upp á sameiginlega fræðslu fyrir foreldra og unglunga um kynlíf og kynhegðun. Fræðslufundurinn stendur í einn og hálfan klukkutíma.

Fyrirlesarar eru:

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, mannfræðingur, MA

Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi, MA

Guðbjörg Edda Hermannsdóttir, félagsráðgjafi, MA

Staður og tími:

Fimmtudagurinn 16. apríl kl. 19:30 - 21:00 í sal skólans

Frá foreldrafélaginu

SAFT hélt mjög áhugaverðan fyrirlestur um tölvunotkun barna og unglinga fyrir foreldra í Áslandsskóla, Hvaleyrarskóla og Hraunvallaskóla. Því miður var mætingin arfaslök og því setjum við fróðleik tengdan þessu mikilvæga málefni á heimasíðu foreldra inná www.aslandsskoli.is og þar undir „foreldrar“

Í þessum fyrirlestri komu ýmsir mjög áhugarverðir punktar fram og ljóst að það er mjög mikilvægt fyrir foreldra að huga vel að tölvunotkun og þá ekki síst netnotkun barna sinna. Þar kemur fram að skv. könnun sem Capacent gerði fyrir SAFT að um 74% barna nota internetið daglega og að 71% þeirra noti MSN sem er aukning úr 26% frá 2003. Einnig kemur fram í þessari könnun að um 82% foreldra nota EKKI búnað sem hindrar vefsíður með óæskilegu efni.

Ein mikilvægasta reglan fyrir börn og unglinga sem nota internetið er að tala ekki við ókunnuga og þá alls ekki að gefa upp neinar persónuupplýsingar. Ef haldið er áfram að vitna í þessa könnun þá kemur fram að 25% barna og unglinga hafa talað við ókunnuga á Internetinu, það er 1 af hverjum 4. Þá hafa um 22% af börnum hitt einhvern sem þau kynntust fyrst á netinu en foreldrar segja hins vegar að það hafi gerst í 3% tilvika.

50% barna hafa lent óvart inná vefsíðu með nöktu fólki (klámsíðu) en þegar foreldrar eru spurðir hvort að börnin hafi orðið vart við kynferðislegt efni á netinu svara aðeins 20% þeirra því játandi.

Það er því ljóst að það er mikilvægt að fylgjast vel með hvernig börnin nota Internetið sem er að flestu leyti frábært til skemmtunar og fróðleiks.



Endilega kynnið ykkur þetta betur inná foreldrasíðunni á www.aslandsskoli.is

Frétt frá Hulduheimum

Í síðustu viku komu 22 krakkar úr 2. bekk í Öldutúnsskóla labbandi í Áslandsskóla og heimsóttu 6. bekk, Hulduheima.

Allir krakkarnir í 2. bekk lásu úr lestrarbókunum sínum fyrir krakkana í Hulduheimum sem kvittuðu svo fyrir. Þau fóru líka út í frímínútur og svo var tekið í spil.

Að lokum buðu þau okkur að koma í heimsókn til sín þegar fer að vora. Þá getum við kannski fengið að skoða skólann þeirra og jafnvel lesið fyrir þau.

Kveðja Hulduheimar

Myndir frá heimsókn nemenda úr Öldutúnsskóla til Hulduheima.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri